



Fundargerð 46. fundar skólanefndar

10. nóvember 2009.

Mætt: *Kjartan Páll Einarsson (formaður), Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Pétur Ingi, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna sem ritar fundargerð.*

Kjartan Páll formaður skólanefndar setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Björg boðar forföll.

Dagskrá:

1. **Fjármál og erindi til Alþingis/Menntamálaráðuneytis**
2. **Skólasamningar – undirbúningur og umræður**
3. **Önnur mál**

1. **Fjármál og erindi til Alþingis/Menntamálaráðuneytis**

Kjartan Páll tilkynnti að búið er að fá tíma hjá ráðherra, mánudaginn 23. nóvember í 30 mínútur kl. 11:30. Þeir sem geta mætt á fund með ráðherra mánudaginn 23. nóvember eru Skúlína, Kjartan Páll, Rúna og Björg. Sigríður, Magnús og/eða Ólína munu reyna að komast.

Skúlína kynnti efnistöð skólasamningsfundar miðvikudaginn 11. nóvember. Fundurinn mun verða 2 klukkustundir sem skiptist jafnt milli kynningar Ólafs Sigurðssonar á nýmælum og megininntaki samninganna, sérmál viðkomandi skóla séð frá ráðuneyti, sérmál viðkomandi skóla séð frá skóla og samantekt og frágangur, verkefni fyrir næsta fund og mikilvæg gögn. FSN mun að öllum líkindum fækka brautum, viðskiptabraut og tölvubraut eru illa nýttar í FSN.

Kjartan talaði um að búið væri að leggja heilmikla vinnu í stefnumótun skólans sem við ættum að nýta. Niðurstöður þessarar skýrslu (ALTA) er góður vegvísir fyrir framhaldið. Þar kemur fram stefna FSN og hefur skólanefnd ekki skipt um skoðun varðandi stefnu skólans eins og hún kemur fram í skýrslunni. Varðandi hlutverk skólans sem leiðandi á sviði upplýsingatækni má greina ákveðna fjárhagslega þröskulda varðandi tækniframþróun í okkar nærumhverfi. Sólrún talaði um úttektarskýrsluna sem var gerð á skólanum á vegum Menntamálaráðuneytis. Hún minnti á hvað við værum að gera mikið af frábærum hlutum hér í FSN. Hún tók dæmi um auð persónulegra samskipta, breyttra kennsluhátta og ánægðra nemenda sem hafa verið í FSN.

Skúlína kynnti að í námsskrárumræðu FSN hafi komið fram vilji til að mynd 4 meginstoðir/brautir, hugvísindabraut, náttúrufræðibraut, ferðamálabraut og lista- og nýmiðlabraut. Í skólanum væri verið að vinna að stefnumótun og námsbrautalýsingum. Hún ítrekaði að við mættum ekki staðna í skólaþróun þrátt fyrir efnahagsástandið.

Skúlína kynnti álitserð um starfsemi framhaldsdeildar FSN á Vestfjörðum, sem skilað var til Alþingis í vikunni. Í þessari álitserð kom fram viðhorf foreldra, samfélagsleg áhrif, ályktan sveitarsjórnarmanns og hvað hefur áunnist. Viðhorf til framhaldsdeildarinnar eru mjög jákvæð. Skólanefnd talaði um að það mætti alls ekki bæta við fleiri verkefnum nema að fá til þess nauðsynlegt fjármagn. Það þarf að bæta þjónustuna við Vestfirði, einn fjarfundabúnaður fyrir vestan virðist ekki vera nægilegur. Sigríður talaði um að við þyrftum að vera á tánum varðandi árangur og fjölda í deildinni fyrir vestan. Gott utanumhald fyrir vestan er mjög brýnt. Magnús talaði um að tæknin þurfi að vera mjög góð og persónuleg samskipti nauðsynleg samfara tæknilegum samskiptum. Krakkarnir geta alveg leyst verkefni eftir bók en viðhorfið er fljótt að verða neikvætt ef persónuleg samskipti og tæknin styðjast ekki við hvort annað. Tækni og persónulegt samband þurfi að vinna saman, með búnaði eða forritum, eins og fjarfundabúnaði, MSN, Skype. Einnig þurfa heimsóknir að vera til staðar. Auður FSN að nemendur geti átt gæðastund með kennara, er eitthvað sem við megum alls ekki gleyma. Kennarar eru tilbúnir til þess að aðstoða nemendur, maður á mann í verkefnatímum og vinnustofum.

2. Skólasamningar – undirbúningur og umræður

Skúlína kynnir erindi sem hún mun bera undir ráðuneytismenn á morgun. Hún sendi einnig erindi til Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar Alþingis. Í erindinu var beðið um uppbætur vegna starfsbrautar, búnaðarkaup vegna framhaldsdeildarinnar á Vestfjörðum, forstöðumannaskipta og laun langveiks starfsmanns. Beiðni vegna uppbóta hljóðaði upp á um 18 milljónir.

Skúlína tilkynnti að nýtt módel liggi til grundvallar á útreikningum vegna útreikninga pr. ársnemanda. Þetta verður vonandi kynnt fyrir okkur á fundi vegna skólasamnings FSN við Menntamálaráðuneyti þann 11. nóvember í FSN frá 10:00-12:00. Kjartan Páll, Sigríður, Skúlína, Rúna og Pétur munu mæta á þennan fund.

3. Önnur mál

- Skúlína nefndi að á kennarafundi í dag var umræða um vinnustofur á dagskrá. Ákvörðun var tekin á fundinum um að fækka vinnustofum niður í fjórar. Fyrsta árs nemendur munu verða skyldaðir í vinnustofur og geta „unnið“ sig úr þeim með góðu gengi. Þetta mun taka gildi á áramótum og verður kynnt betur fyrir nemendafélagi á morgun og nemendum í kjölfarið. Dagurinn verður stytur aftur um 30 mínútur og morgunmaturinn tekinn út í staðinn.
- Apollo afmælisviðburðurinn verður gerður að þemadegi/þekkingarmaræþoni og kennsla felld niður eftir hádegis. Allir munu taka þátt í þessu verkefni með

NASA fimmtudaginn 19. nóvember. Skúlína kynnti dagskrá þessa dags sem endar með Morfís-keppni.

- Sigríður spyr um dansleiki nemendafélagsins. Er ölvun meiri eða minni en áður? Sólrún svarar því til að það sé hennar tilfinning að ölvun á dansleikjum sé minni en áður.
- Magnús spyr um Marita forvarnarfræðslu sem gekk mjög vel hér í FSN. Einnig hefur verið á dagskrá forvarnarfræðsla um fæðubótarefni.

Fundi slitið kl. 17:50